

## SVEINSPRÓF Í HÚSASMÍÐI

Starfsgreinaráð í bygginga- og mannvirkjagreinum tilnefni í sveinsprófsnefndir í húsasmíði, pípulögnum, málaraíðni, múraraiðni, húsgagnasmíði, veggfóðrun og dúkalögn frá 01. janúar 2019 Sveinsprófsnefnd í húsasmíði er skipuð eftirtöldum mönnum:

Aðalmenn:

Bragi Finnbogason

Finnur Jón Nikulásson

Kristmundur Eggertsson

Varamenn:

Ágúst Þór Pétursson

Kristján Örn Helgason

Steingrímur Waltersson

## STARFSREGLUR OG FRAMKVÆMD

Sveinsprófsnefnd ber ábyrgð á prófþáttalýsingu, skilgreiningu á vægi prófþátta og framkvæmd sveinsprófa.

## KYNNING FYRIR PRÓFTÖKUM

Sveinsprófsnefnd sendir út bréf þar sem uppbygging og fyrirkomulag er kynnt. Í bréfinu er m.a. kynntur verkfæralisti. Próftaki hefur 22 klukkustundir til að taka bæði skriflega og verklega prófið. Sjá nánari lýsingu hér að neðan.

## PRÓFSTAÐUR

Verklegi og skriflegi hluti sveinsprófs í húsasmíði fer fram eftir atvikum í viðeigandi skóla. Sveinsprófstaki fær nánari upplýsingar eigi síðar en þremur vikum fyrir próf.

## AÐSTAÐA

Til að leysa verkefni í sveinsprófi í húsasmíði þarf nemi að hafa viðeigandi verkfæri samkvæmt verkfæralista hverju sinni nema annað sé tekið fram. Sveinsprófsnefnd hefur tekið út aðstöðu og metið að prófaðstaðan sé fullnægjandi. ÍÐAN fræðslusetur og forsvarsmenn staðar þar sem prófin fara fram gera með sér samning um afnot sveinsprófsnefnda af húsnæði fyrir sveinsprófin.

*Sveinsprófsnefndarmenn eru þeir einu sem hafa heimild til að vera viðstaddir í prófi nema annað sé ákveðið fyrir fram og ber þá að upplýsa próftaka sérstaklega.*

## PRÓFÞÆTTIR OG VÆGI

Sveinspróf í húsasmíði skiptist þannig: Skriflegt próf 100%. Lágmarkseinkunn í skriflega prófinu er 5,0. Verklegt próf 100%. Verklegi hluti prófsins samanstendur af eftirfarandi þáttum: Málsetningar, samsetningar, áferð og brýnsla. Lágmarkeinkunn fyrir hvern þátt er 5,0.

## SKRIFLEGT PRÓF

Við val á spurningum er leitast við að hafa sem mesta breidd og að þær endurspegli markmið og tilgang námsins. Vægi þátta getur verið misjafnt en hver þáttur má aldrei vera meira en 20%. Skriflega prófið hefst kl. 8:00 á tilgreindum stað. Prófatími er 120 mínútur nema annað sé tekið fram. Verklega prófið hefst strax að loknum skriflega hlutanum. Sjá nánari lýsingu hér að neðan.

## VERKLEGT PRÓF

Á fyrsta degi hefst verklega prófið kl. 9:00 og stendur til kl. 18:00. Á öðrum degi hefst skriflegt próf kl. 8:00 og stendur til kl. 10:00, síðan hefst verklegt próf kl. 10:00 og stendur til kl. 18:00. Á þriðja degi hefst prófið kl. 8:00 og lýkur kl. 13:00. Gert er ráð fyrir klukkutíma í hádegishlé fyrstu tvo dagana. Próftaki skilar verkefninu þannig að það uppfylli skilyrði samkvæmt teikningu hverju sinni.

Í sveinsprófi skal smíða prófverkefni samkvæmt teikningu. Vægi prófþátta er:

Verklegt próf 100%

	Þáttur	Einkunn		
		Huglæg	Hlutlæg	Samtals
A	Málsetningar		35	35
B	Samsetningar		35	35
C	Áferð	20		20
D	Brýnsla	10		10
E				
		30	70	100

## MÁLSETNINGAR 35%

---

Hlutlægt mat, allar uppgefnar málsetningar eru skoðaðar. Málnákvæmni/frávik eru metin.

### Dæmi um punktagjöf fyrir málsetningar.

Málfrávik	Punktar
0 - 1 mm	10
1,1 - 2 mm	9
2,1 - 3 mm	7
3,1 - 4 mm	5
4,1 - 5 mm	3
5,1 - 6 mm	1
6,1 - 7 mm	0
7,1 - 8 mm	0
8,1 - 9 mm	0
9,1 eða meira	0

Hver mæling gefur punkta samkvæmt töflu. Nákvæmniskröfur og fjöldi mælinga er mismunandi eftir prófverkefnum. Punktafjöldi gefur einkunn fyrir málsetningar sem gildir 35% af verklegu prófi.

## SAMSETNINGAR 35%

---

Hlutlægt mat, allar samsetningar skoðaðar. Rifur metnar samkvæmt meðfylgjandi töflu.

### Dæmi um punktagjöf fyrir samsetningar.

Rifur	Punktar
$\geq 0$ og $\leq 0,10$ mm	10
$> 0,10$ og $\leq 0,20$ mm	8
$> 0,20$ og $\leq 0,30$ mm	6
$> 0,30$ og $\leq 0,40$ mm	5
$> 0,40$ og $\leq 0,50$ mm	4
$> 0,50$ og $\leq 0,60$ mm	3
$> 0,70$ og $\leq 0,80$ mm	1
0,80 mm og yfir	0

Hver mæling gefur punkta samkvæmt töflu. Nákvæmniskröfur og fjöldi mælinga er mismunandi eftir prófverkefnum. Punktafjöldi gefur einkunn fyrir málsetningar sem gildir 35% af verklegu prófi.

## ÁFERÐ 20%

---

Huglægt mat. Engin blýantsstrik eða önnur óhreinindi mega vera á prófverkefninu. Brúnir mýktar með hefilstroku eða sandpappír, nettur rúningur. Fletir í góðu plani, ekki afsleppir. Hvergi flaskað úr, hvergi mar. Tekið er mið af því að nýting efnis sé rétt.

Viðgerð og/eða mistök próftaka geta lækkað einkunn fyrir áferð um 0,5 til allt að 2,0 eftir alvarleika.

## BRÝNSLA 10%

---

### *Brýnsla, áferð 3%*

Huglægt mat. Egg bitjárnsins myndi sem næst 90° horn við kant. Egg skal vera bein. Ekki má sjást blámi á egginni.

Brýnsluhorn sé 15°-20°. Ádrag á stein sé jafnt og ákveðið, (ekki margar speglanir).

### *Brýnsla, bit 7%*

Huglægt mat. Öll ró brýnd af egginni. Jafnt og gott bit á allri egginni, (taki vel á nögl).

Lágmarkseinkunn í hverjum þætti verklegs prófs er 5,0. Ef próftaki fellur á einum eða fleiri af fyrstu þremur prófþáttunum í verklega prófinu stenst hann ekki sveinsprófið og má þreyta það næst þegar sveinspróf er haldið. Ef próftaki fellur eingöngu á brýnslu eða skriflegu prófi þarf hann eingöngu að þreyta þá verkþætti og má hann gera það aftur næst þegar sveinspróf er haldið.

## EINKUNNAGJÖF

Einkunn 10 vísar til þess að	95% - 100% markmiða var náð
Einkunn 9 vísar til þess að	85% - 94% markmiða var náð
Einkunn 8 vísar til þess að	75% - 84% markmiða var náð
Einkunn 7 vísar til þess að	65% - 74% markmiða var náð
Einkunn 6 vísar til þess að	55% - 64% markmiða var náð
Einkunn 5 vísar til þess að	45% - 54% markmiða var náð
Einkunn 4 vísar til þess að	35% - 44% markmiða var náð
Einkunn 3 vísar til þess að	25% - 34% markmiða var náð
Einkunn 2 vísar til þess að	15% - 24% markmiða var náð
Einkunn 1 vísar til þess að	0% - 14% markmiða var náð

## SKIL Á EINKUNNUM OG PRÓFSÝNING

---

Formenn sveinsprófsnefnda skila einkunnum á sveinsprófi til IÐUNNAR ekki seinna en tíu dögum eftir að sveinsprófi lýkur. Próftakar fá niðurstöður sveinsprófa, sveinsbréfabókina, afhenta eigi síðar en 4 vikum eftir að prófið hefur verið haldið. Innan þriggja virkra daga frá því að verklegu prófi lýkur fer prófsýningin fram. Nánari sundurliðun á einkunn liggur ekki fyrir á þeim tíma. Einkunnir skulu vera tilbúna eigi síðar en fjórum vikum eftir próf. Sveinsprófstaki getur óskað eftir nánari skýringum á einkunnargjöf. Endurtaka er aðeins leyfð á næsta haustannar- eða vorannarprófi.

Sveinsprófsnefnd ber ábyrgð á að sveinsprófsverkefni sé varðveitt með ákveðnum hætti í eitt ár, með mynd eða öðrum sannanlegum hætti. Skriflegum úrlausnum er eytt á tryggilegan hátt að þeim tíma liðnum og er sveinsprófsnefnd ábyrg fyrir þeirri framkvæmd. Um meðferð kærumála gildir 15 gr. reglugerð nr. 698/2009 um sveinspróf. Falli próftaki á sveinsprófi er honum tilkynnt það áður en til prófsýningar kemur.

*Ekki verða veittar upplýsingar um gengi próftaka í prófinu í síma, munnlega eða eftir öðrum leiðum.*

### ALMENNAR REGLUR

- Próftaki skal mæta til prófs á réttum tíma. Minnst 15 mín. fyrir próf.
- Próftaki má hafa með sér gögn og verkfæri sem tilgreind eru í upplýsingabréfi.
- Þurfi próftaki að yfirgefa prófsvæðið á meðan próf stendur yfir skal það gert í samráði við prófdómara.
- Ef próftaki mætir 15 mín. of seint í próf getur hann átt á hættu að vera vísað frá prófi.
- Ef um veikindi er að ræða í verklegu prófi verður viðkomandi sveinsprófstaki að bíða þar til næsta próf verður í boði. Sjúkrapróf er í boði fyrir skriflegt próf þremur dögum eftir auglýst próf.
- Ef staðfesting frá viðeigandi fagaðila um námsörðugleika liggur fyrir fær sveinspróftaki sérúrræði samkvæmt mati. Viðbótartími hámark 30 mín. með undantekningum.
- Ef próftaki er haldinn ákveðnum prófkvíða skal hafa samband við náms- og starfsráðgjafa hjá IÐUNNI fræðslusetri við skráningu í sveinspróf.

*Þessar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um breytingar.*